

Alþjóðadagur læsis laugardaginn 8. september 2012

Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, Bókasafn HA, Amtsbókasafnið á Akureyri, Akureyrarstofa á Akureyri.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Auðunsdóttir, HA.



Alþjóðadagur læsis
8. september.

Frá árinu 1965 hafa

Sameinuðu þjóðirnar helgað
8. september málefnum
læsis. Í ár taka Íslendingar í
fjórða skiptið þátt í þessum
alþjóðlega degi.

Miðstöð skólaþróunar við
HA, Bókasafn HA,
Amtsbókasafnið og
Akureyrarstofa starfa saman
að undirbúningi
læsisviðburða.

„Allir lesa“ stund föstudaginn 7. september

„Allir lesa“ stund innan skóla eða annarra stofnana

er skemmtileg tilbreyting í dagsins önn. Hún gengur út á að tekinn er frá hálf tími að morgni þar sem allir innan skólans, hvaða starfsheiti sem þeir bera, koma sér vel fyrir á víð og dreif og lesa. Körfur með lesefni liggja frammi auk þess sem allir eru hvattir til að koma með lesefni að heiman. Fullorðna fólkið er börnum mikilvæg fyrirmynd í læsi og það er tilbreyting fyrir nemendur að lesa með t.d. skólaliða, námsráðgjafa, ritara, matráð, skólastjóra eða íþróttakennara. Hugmyndin var framkvæmd í grunnskóla 8. sept. 2011 og heppnaðist mjög vel. **Nánari útfærsla er á næstu síðu.**

Hefur þú notað leitir.is?

Notaðu leitir.is til að finna bækur, ljósmyndir og fræðigreinar og margt, margt fleira sem er til á íslenskum bókasöfnum og í fjölmörgum gagnagrunnum.



Á facebook síðu Bókasafns Háskólans á Akureyri mæla bókaverðir með áhugaverðum bókum og tenglum um lestur og bókmenntir.

Fleiri hugmyndir

Fjölskyldur eru hvattar til að skipuleggja 30 mín. fjölskyldulestrarstund laugardaginn 8. september og lesa saman, sjá slóð:

<http://www.unak.is/static/files/Skolathrounarsvid/2012/frettablad/frettablad%20dagur%20laesis%202012.pdf>

Bók í bandi

Vikuna 3.–7. september verður „Bók í bandi“ á Amtsbókasafninu.

Við hengjum upp bækur, gestum okkar til fróðleiks og gleði. Bækurnar má lesa á staðnum eða fá lánaðar heim. Við hvetjum þá lánþega sem velja sér bækur úr bandi að setja aðrar í staðinn, bækur sem þeir vilja að verði lesnar.

Við hlökkum til að sjá ykkur, starfsfólk Amtsbókasafnsins.

Bók í hönd og þér halda engin bönd, Þórarinn Eldjárn.

Ráðstefna og námstefna um læsi

Miðstöð skólaþróunar við HA gengst fyrir ráðstefnu um læsi í september annað hvert ár. Í ár verður ráðstefnan *LESTUR og LÆSI – Að skapa merkingu og skilja heiminn* haldin í HA 8. sept. og er hún öllum opin. Auk þess verður önnur *Námstefna HA um Byrjendalæsi* haldin 7. sept. Hún er ætluð kennurum og þeim sem taka/hafa tekið þátt í þróunarstarfi um Byrjendalæsi á vegum HA.

Námstefna um Byrjendalæsi 7. sept. 2012 í Háskólanum á Akureyri

http://www.unak.is/skolathrounarsvid/page/namstefna_um_byrjendalaesi_haust_2012

LESTUR og LÆSI – Að skapa merkingu og skilja heiminn

http://www.unak.is/skolathrounarsvid/page/byrjendalaesisradstefna_haust_2012



**Hugmyndir í safnpott. Ef þú lumar á skemmtilegri læsishugmynd —
endilega sendu hana á netfangið ingibj@unak.is**

Að gera læsi hátt undir höfði



Í tilefni af alþjóðadegi læsis þann 8. sept. eru allir skólar hvattir til að gera læsi sérstaklega hátt undir höfði. Ýmsar leiðir er hægt að fara til þess og eru kennarar hvattir til að fara í hugflæði um skemmtilegar uppákomur. Tilvalið er að vera með upplestur á skemmtilegu efni, gefa viðbótartíma fyrir yndislestur eða hafa spilastund með læsispilum af ýmsu tagi, s.s. Scrabble, Rummikubbi, söguteningum, Fimbulkubbi, Sprengjuspili, Alias, krossorðateningum og spilum úr Byrjendalæsi eða Orð af orði.

Allir lesa

Á fyrirfram ákveðnum tíma dags leggja allir í skólanum frá sér það sem þeir eru að gera og setjast niður með lesefni að eigin vali. Fullorðna fólk er nemendum mikilvæg fyrirmynd og þegar þeir sjá fullorðna á víð og dreif um skólann sitja við lestur, hvetur það þá til að gera slíkt hið sama. Tillaga að útfærslu:



- Hvetjum starfsfólk og nemendur til að koma með lesefni að heiman.
- Leggjum áherslu á að allir nemendur séu tilbúnir með lesefni þegar lestrarstundin hefst, jafnvel daginn áður.
- Hvetjum foreldra til að koma og lesa með okkur.

- Á bókasafni verður ekki opið fyrir útlán á þessum tíma en þar er hægt

að setjast/leggjast niður til að lesa eins og annars staðar í skólanum.

- Litlir kassar/körfur með alls kyns lesefni fyrir allan aldur verða á víð og dreif um skólann. Gaman væri ef einhverjir gætu lagt til fjölbreytt lesefni í kassana, s.s. tímarit, dagblöð, bæklinga eða myndasögur – nú eða bækur sem þeir vilja lána skólanum.
- Komum okkur fyrir þar sem okkur líður vel. Nýta má flest rými skólans til lesturs; allar stofur, íþróttasal, ganga, bókasafn o.s.frv.
- Allir í bland, nemendur á öllum stigum, allt starfsfólk og foreldrar.
- Þeir unglingar sem vilja setjast með ungum vinum sínum mega það endilega en engin kvöð (kannski vill einhver bjóða ungum vini á unglingasvæðið)?
- Lesið í 20 – 30 mínútur.
- Skólastjóri hringir bjöllu við upphaf og lok lestrarstunda.



Verum meðvituð um að dreifa okkur á svæði eftir þörfum þannig að einhver fullorðinn sé á hverju svæði – og að sjálfsgöðu að lesa!

